

7. fundur æskulýðsnefndar

Miðvikudaginn 4. janúar 2017 kl. 20.

Mætt voru: Sigurjón Pétur Guðmundsson, Lára Hreinsdóttir og Borghildur Guðmundsdóttir sem kom inn sem varamaður fyrir Smára Þorsteinsson.

1. Efni fundarins var hið árlega hóf íþróttamanna í Bláskógabyggð. Reglugerðin var lesin enn og aftur og nokkrar umræður voru um breytingar sem mætti gera á henni, m.a. hvort verðlauna ætti ungmenni fyrir annað en íþróttir. Niðurstaða fundarins var þó að gera engar breytingar á þessu kjörtímabili.
2. Að umræðum loknum voru skoðaðar þær tilnefningar sem bárust um íþróttamann ársins og var nefndin einróma um hver hlyti titilinn íþróttamaður ársins í Bláskógabyggð. Farið var vel yfir önnur verðlaun sem veita á svo enginn gleymist.
3. Hóf til heiðurs íþróttamönnum fer fram í Aratungu 14. janúar og á fundi í lok nóvember var búið að skipta verkum á milli nefndarmanna. Allir voru að vanda með sitt á hreinu og ekkert því til fyrirstöðu að blása til veislu.
4. Fundi slitið kl. 21.